


vorblaðið



félag islendinga  
luxembourg  
1979

## V O R B L A Þ I Þ

Í þeirri von um að vorið sé á næstu grösum, ráðumst við nú í útgáfu þessa blaðs.



Okkar árlega þorrablót er nú afstaðið fyrir nokkru og tókst mjög vel að flestra dómi. Hljómsveitin Galdrakarlar er ein bezta hljómsveitin sem við höfum fengið hingað um árabíl og spiluðu lög fyrir alla, auk þess sem skemmtidagskrá þeirra var mjög góð. Harry stóð sig með ágætum, eins og hans var von og vísa og er ég ekki frá því að við höfum eins konar matarást á honum. Leikklúbburinn var sér mjög til sóma og veit ég að margir fóru á dansleikinn ein-göngu til að sjá stelpurnar. Þið eruð á réttri braut, stelpur. Hafið þið tekið eftir því hve stemmningin á dansleikjum okkar hefur verið góð undanfarið? Fólki er milt og kátt og skemmtir sér konunglega saman. Þetta finnst mér vel, og vert að minnst á það.



Aðalfundur Félags Íslendinga í Luxembourg var haldinn 2. marz s.l. Á hann mættu 32 félagsmenn og er leitt til þess að vita að fólk skuli ekki mæta á þennan fund, sem hefur töluvert að segja fyrir félagið. Á þessum fundi voru

gerðar nokkrar breytingar á lögum félagsins, eins og fram hefur komið í nýutgefnum lögum. Helztu laga-breytingarnar voru þær, að félagsgjaldið var hækkað úr 1fr.300 í 1fr.500. Breyting var gerð á IV.kafla 1.gr. þannig, að kosið skuli vera leynilega í stað þess að kjósa með handauppréttingum. Í V.kafla var felld niður setningin "Fundir eru lögmætir ef helm-ingur félagsmanna auk stjórnar eru viðstaddir". Munu aðalfundir því loks vera orðnir löglegir. Einnig var bætt við 4.gr. hjálparsjóðsins eftirfarandi setningu: "Lántaki skal gera grein fyrir því hvernig hann hyggst greiða lánið, enda geri hann skriflegan samning þar að lútandi. Síðan voru ýmsar tillögur bornar fram og ræddar. Meðal annars var uppástunga um að kaupa land og er það nánar rætt á öðrum stað í blaðinu. Ný stjórn var kosin á þessum aðalfundi og er hún skipuð þessu fólki: Páll Andrés�on, formaður; Brynjar Þórðar-son, varaform; Ella Stína Karlsdóttir og Elsa Walderhaug gjaldkerar; Guðrún Haraldsdóttir, ritari; og Drífa Sigurbjarnardóttir, vararitari og meðstjórnandi.



Bústaðaskipti og breytt símanúmer:


Fólk er beðið að tilkynna ný heimilisföng, svo og símanúmer til Gunnu í síma 76211, eða Palla í síma 358969, svo hægt sé að lagfæra það í spjaldskrá félags-ins.



Efni í blaðið er alltaf velkomið. Hafið samband við Binna (789096) eða Gunnu (76211).

Kæru félagar,

Eins og fram kom á aðalfundi félagsins, er mikill áhugi meðal félagsmanna að efla þetta félag okkar á þá leið, að gera það enn fremur að hagsmunafélagi, auk allra skemmtana sem félagið hefur staðið fyrir. Fram hefur komið ein mjög merkileg tillaga, en hún er sem hér segir:



Félagið beiti sér fyrir kaupum á landi, 25-30 ar, og byggi á því hús fyrir starfsemi sína. Hús þetta verði nógu stórt fyrir alla starfsemi félagsins, nema e.t.v. þorrablót, 17.júní og 1.des. dansleikina. Hefur hin nýja stjórn valið í nefnd til að athuga málið. Eru í henni tveir stjórnarmeðlimir, auk þriðja félagsmanns. Lán í banka væri hægt að fá út á svokallað "ordre permanent", þannig að þátttakendur greiddu mánaðarlega inn á reikning félagsins í banka. Þar sem u.þ.b. 180 manns eru í félaginu, þyrfti þessi upphæð ekki að vera yfir 1fr.100 á mánuði. Eignaðist hver hluthafi sitt hlutabréf í eigninni. Einnig gætu þeir sem vildu, fjármagnað eða lagt fram stofngjald að eigin geðþótta. Þessar tillögur á þó eftir að finnússa og yrði engin ákvörðun tekin fyrr en vitað yrði hversu margir tækju þátt í þessu. Má benda á, að ef 100% þátttaka fæst, og hver hluthafi greiði 1fr.5000 stofggjald, þyrfti ekkert bankalán. Land og

hús af þessu tagi myndi ekki þurfa að kosta yfir lfr. 1.000.000. Þarna myndi fara fram öll starfsemi smáklúbba, sbr. leikklúbb, listaklúbb, fönður fyrir unga sem aldna, auk þess sem hver og einn gæti haldið þar einkasamkvæmi o.fl. o.fl. Svona hús gæti vel staðið undir sér, þar eð miklir peningar fara í leigu á húsnæði og kúbbastarfsemi liggur nánast niðri, því ekkert heimili stendur undir slíku.

Land undir húsið yrði stórt. Þar mætti koma upp leiktækjum fyrir börn, vetrarplássi fyrir hjólhýsi, pikknikk aðstöðu o.fl. o.fl. Viljum við geta þess hér að lokum, að "tillögukössum" verður komið upp á tveimur stöðum hjá Cargolux, á þriðju hæð skrifstofudeildar og í viðhaldsdeild. Þar gætu þeir er hug hafa á að vera með í þessu, lagt nöfn sín í, auk þess sem tillögur hverskonar um starfsemina væru mjög velkomnar. Um endurgreiðslu hlutafjár á eftir að ræða. Þar að lútandi væru vel þegar tillögur félagsmanna. Ein tillaga er sú, að greiða fólki því sem burtu flytur fulla greiðslu hlutafjárins án vaxta, því notkun hússins gæti fyrir hvern sem er verið meira en vaxta-anna virði.


Með félagskveðju,

Páll Andrésen,  
Brynjar Þórðarson  
Edward Finnsson




Lögfræðingur einn í Luxembourg er fús til að taka að sér mál til lausnar fyrir félagsmenn. Lögum samkvæmt er honum bannað að auglýsa nafn sitt í nokkru blaði, en nafn hans er á spjald-

skrá félagsins og er fólki bent á að hafa samband við Palla (358969) eða Gunnu (76211), ef það vill nafn hans uppgefið.



Einn af félagsmönnum okkar, sem hefur gaman af að teikna og mála í sínum frístundum, hefur beðið okkur að athuga hvort ekki séu fleiri slíkir hér. Þetta er Sonja Håkansson (gift Braga Óskarssyni) í Grevenmacher.

Fyrir henni vakir, að stofna nokkurs konar málaraklúbb, þar sem félagar geta komið saman af og til og miðlað þekkingu sinni hver með öðrum. Hún hefur sótt nokkur námskeið í sambandi við þetta tómstundagaman, en telur sig ekki geta kennt mikið, en þó geta leiðbeint fólki í sambandi við uppstillingar, skugga og birtu og í sambandi við innkaup á vörum sem til þarf (liti, striga og annað slíkt). Við álitum að í okkar hópi séu nokkuð margir sem hafa gaman af málun og teikningu, en sem af ýmsum ástæðum eiga erfitt með að rækta með sér þessa hæfileika. Við viljum gjarna reyna að finna samastað fyrir svona starfsemi, og viljum því biðja alla þá sem hafa áhuga á þessu, að hafa samband við Sonju í síma 758205, eða Gunnu í síma 76211 og það sem fyrst, svo að við vitum nokkurn veginn hversu stórt húsnæði þarf að útvega. Athugið að unglingar eru mjög velkomnir í svona klúbb. Látið vita hvort hentar betur kvöldstund eða dagtími svo hægt sé að taka tillit til þess.



Þrír vanir menn fóru á San Francisco í Hong Kong og fengu sér steikur sem kostuðu \$ 10 hver. Nú voru þeir óánægðir með steikurnar og báðu um afslátt. Yfirþjónninn lét þjóninn fá \$ 5 og bað hann að borga þeim eitthvað til baka. Hann lét þá fá \$1 hvern, þannig að steikurnar voru á \$9 og stakk svo sjálfur \$ 2 í vasann. 3 x 9 eru 27 og 2 í viðbót eru 29, hvað varð um \$ 1 ???

M E R K I

TEIKNISAMKEPPNI

V E R Ð L A U N

Einhverjum merkismanni datt í hug sú merkilega hugmynd, að láta gera MERKI fyrir okkar merka félag. Í okkar hópi eru merkilega margir stórmerkir teiknarar.

Við viljum kappkosta að stofna til teiknisamkeppni, í því augnamiði að fá sem flesta kapp til að keppast við að senda inn tillögur um merki fyrir félagið. Allir karlar, konur, unglingar og börn eru beðin að keppast við að taka til höndunum við þetta stórmerka kappsmál.

Enginn þarf að vera hræddur við að leggja fram hugmyndir sínar. Við viljum fá sem flestar hugmyndir, hálfunnar og/eða fullunnar. Velunnari félagsins á Íslandi, sem er auglýsingateiknari að starfi, mun taka að sér að fullvinna þessar hugmyndir. Merkið þarf að vera hægt að nota sem bréfhaus, stimpil í sambandi við bréfasendingar félagsins og jafnvel sem barmmerki/fána-merki. Með teikningunum þurfa að fylgja upplýsingar um stærð merkisins og þykkt, ef það á að vera upphleypt, t.d. sem barmmerki. Einnig þarf að útskýra tákni þess, þ.e. hvað merkið skal tákna sem gilt merki Félags Íslendinga í Luxembourg.

Tillögum má skila til einhvers stjórnarmanna eða í tillögukassa félagsins á Cargolux í lokuðu umslagi fyrir 15.mái 1979 merkt "MERKI". Gleymið ekki að geta nafns ykkar, en hafið það á sér blaði í umslaginu. Efnt verður til merkjasýningar og merkiskosninga og að þeim loknum verða veitt merk verðlaun fyrir merkilegasta merkið. Eru það lfr. 3.000. Takið nú öll upp teikni-blokkina og blýantinn. Gangi ykkur vel.

# TIL HAMINGJU...



Lóa og Ragnar Kvaran með  
Hrafnhildi f. 16. des. '78 og  
var 46 cm. og 2700 gr.

Helga og Hermann Svavarsson með  
Grétar Mar f. 14. febr. '79 og  
var ca. hálfur m. og 3200 gr.

Magga Thorarensen með Guðnýju  
Láru f. 26. febr. '79 og var  
52,5 cm. og 4350 gr.

Jenný og Ásgeir Torfason með  
Veru f. 13. marz 1979 og var  
50 cm og 3.400 gr.



## TIL SÖLU:

Hústjald með svefnplássi fyrir fjóra. Verð 1fr. 2500.  
Gaseldahella tvöföld og gasljós. Verð 1fr. 700.  
Ef tjaldið og gasdótið er keypt allt saman fast þetta  
allt á 1fr. 3000.... Unnur sími 789096

Uppþvottavél AEG. Verð 1fr. 12.000

Þurrkari AEG Verð 1fr. 12.000

Miðstoðvarofn með Danfoss krana. Verð 1fr. 4000

Uppl. hjá Palla í síma 358969.

Hver vill passa hund í páskafríinu? Lítið og gott grey,  
sem bítur engan og borðar eiginlega ekkert....  
Hafið samband við Drífu í síma 433636.



## TIL SÖLU:

Blár barnavagn með flugnaneti og innkaupagrind til sölu  
Upplýsingar hjá Ellu Stínu í síma 34768.



HVAÐ ER ÞAÐ sem birtu ber á kvöldin.  
og einnig hékk á eikarkvist,  
menn éta það af beztu lyst?

HVAÐ ER ÞAÐ sem grát og gæfu getur boðað.  
Ómissandi er það hestum,  
en óprýði á börnum flestum?

HVAÐ ER ÞAÐ sem fuglsins ferðum flýtir mikið.  
Er aflgjafi í úri þínu  
og undir stóls og bekkjardýnu?

HVAÐ ER ÞAÐ sem er í öllum bókum,  
og gott er fyrir gömul hró  
að ganga með það úti í snjó?

Setjið svör við öllum gátunum í umslag merkt HVAÐ ER ÞAÐ,  
og komið þeim í tillögukassana eða til einhvers úr stjórn-  
inni. Dregið verður úr réttum lausnum og veitt þrenn  
verðlaun: 1fr. 300, 200 og 100.



Fyrirhugað er að hafa ferðalag fyrir unga sem aldna  
síðasta sunnudaginn í apríl n.k. Mun það verða aug-  
lýst nánar þegar þar að kemur.

